

Veðskuldabréfasjóður ÍV hs.

Sérhæfður sjóður

Árshlutareikningur 30. júní 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um fjárfestingar	7
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóður ÍV er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Rekstur sjóðsins er í höndum ÍV sjóða hf.

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - sérhæfðs sjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021 að fjárhæð 12,9 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok júní 2021 nam 1.266,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans miðað við 30. júní 2021 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021.

Stjórn og framkvæmdastjóri ÍV sjóða hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 31. ágúst 2021

Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu skjalsins.

Í stjórn ÍV sjóða hf.:

Hreinn Þór Hauksson, stjórnarformaður
Katrín Káradóttir, meðstjórnandi
Kolbeinn Friðriksson, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.:

Hrafn Árnason

Könnunarritun óháðra endurskoðenda

Til eigenda hlutdeildarskírteina Veðskuldabréfasjóðs ÍV hs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Veðskuldabréfasjóðs ÍV hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Árslutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árslutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Akureyri, 31. ágúst 2021

Deloitte ehf.

Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2021

	Skýr.	30.06.2021	30.06.2020
Rekstrarreikningur			
Tekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		262.826	245.046
Aðrar tekjur		6.755	8.373
Heildartekjur		269.581	253.418
Gjöld			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags		13.227	15.458
Vörsluþóknun		1.506	1.585
Aðrar þóknanir		4	6
Vaxtagjöld og verðbætur		223.419	213.507
Önnur gjöld og kostnaður		702	1.479
Heildargjöld		238.858	232.035
Gengisbreyting eigna, hagnaður (tap)	(17.830)	9.058
Hagnaður tímabilsins af rekstri		12.893	30.441
 Yfirlit um breytingu á hreinni eign			
Hrein eign í ársbyrjun		1.253.161	1.178.825
Hrein eign í lok tímabilsins	3	1.266.054	1.209.266

Efnahagsreikningur 30. júní 2021

	Skýr.	30.06.2021	31.12.2020
Eignir			
Fjárfestingar			
Framseljanleg verðbréf		5.865.618	6.061.493
Hlutdeildarskírteini		801.681	368.293
Verðbréf samtals		<u>6.667.299</u>	<u>6.429.786</u>
Aðrar eignir			
Reiðufé		61.888	142.045
Aðrar eignir		42.102	27.533
Aðrar eignir samtals		<u>103.991</u>	<u>169.578</u>
Eignir samtals		<u><u>6.771.290</u></u>	<u><u>6.599.364</u></u>
Skuldir			
Útgefin skuldabréf	4	5.502.754	5.343.494
Skuld við rekstrarfélag		2.235	2.367
Skuld við vörslufyrirtæki		246	249
Aðrar skuldir		0	93
Skuldir samtals		<u><u>5.505.236</u></u>	<u><u>5.346.203</u></u>
Hrein eign	3	1.266.054	1.253.161
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		805.800	805.800
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins		<u>1,57</u>	<u>1,56</u>

Yfirlit fjárfestinga 30. júní 2021

Veðskuldabréfasjóður ÍV	30.06.2021		31.12.2020	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
Skuldabréfaeign				
Útgefandi 1	505.539	7,5%	329.198	5,0%
Útgefandi 2	489.756	7,2%	487.906	7,4%
Útgefandi 3	457.685	6,8%	436.880	6,6%
Útgefandi 4	364.975	5,4%	362.810	5,5%
Útgefandi 5	363.029	5,4%	359.630	5,4%
Útgefandi 6	350.901	5,2%	348.125	5,3%
Útgefandi 7	320.562	4,7%	318.412	4,8%
Útgefandi 8	282.913	4,2%	280.868	4,3%
Útgefandi 9	277.401	4,1%	275.178	4,2%
Útgefandi 10	215.711	3,2%	219.503	3,3%
Útgefandi 11	187.932	2,8%	188.774	2,9%
Útgefandi 12	154.061	2,3%	167.222	2,5%
Útgefandi 13	141.915	2,1%	140.122	2,1%
Útgefandi 14	135.465	2,0%	133.753	2,0%
Útgefandi 15	127.107	1,9%	126.132	1,9%
Útgefandi 16	101.815	1,5%	100.336	1,5%
Útgefandi 17	98.239	1,5%	97.336	1,5%
Útgefandi 18	98.078	1,4%	116.363	1,8%
Útgefandi 19	97.386	1,4%	96.579	1,5%
Útgefandi 20	90.612	1,3%	89.453	1,4%
Útgefandi 21	87.378	1,3%	87.341	1,3%
Útgefandi 22	85.325	1,3%	84.216	1,3%
Útgefandi 23	77.822	1,1%	77.917	1,2%
Útgefandi 24	77.682	1,1%	75.135	1,1%
Útgefandi 25	71.895	1,1%	127.718	1,9%
Útgefandi 26	60.625	0,9%	60.521	0,9%
Útgefandi 27	55.114	0,8%	71.139	1,1%
Útgefandi 28	52.751	0,8%	52.374	0,8%
Útgefandi 29	49.494	0,7%	49.542	0,8%
Útgefandi 30	46.315	0,7%	46.629	0,7%
Útgefandi 31	45.036	0,7%	44.663	0,7%
Útgefandi 32	41.813	0,6%	41.175	0,6%
Útgefandi 33	37.707	0,6%	37.162	0,6%
Útgefandi 34	32.536	0,5%	31.796	0,5%
Útgefandi 35	30.717	0,5%	50.438	0,8%

Yfirlit fjárfestinga 30. júní 2021 frh.:

	30.06.2021		31.12.2020	
	Bókfært- verð	%	Bókfært- verð	%
Veðskuldabréfasjóður ÍV frh.				
Útgefandi 36	30.582	0,5%	30.317	0,5%
Útgefandi 37	26.891	0,4%	26.598	0,4%
Útgefandi 38	25.233	0,4%	25.070	0,4%
Útgefandi 39	19.602	0,3%	19.537	0,3%
Útgefandi 40	19.070	0,3%	18.998	0,3%
Útgefandi 41	18.228	0,3%	50.292	0,8%
Útgefandi 42	12.718	0,2%	12.596	0,2%
Útgefandi 43	0	0,0%	136.994	2,1%
Útgefandi 44	0	0,0%	63.393	1,0%
Útgefandi 45	0	0,0%	40.336	0,6%
Útgefandi 46	0	0,0%	25.015	0,4%
Framseljanleg verðbréf, samtals	5.865.618	86,6%	6.061.493	91,8%
Hlutdeildarskírteini				
ÍV Skammtímasjóður	801.681	11,8%	368.293	5,6%
	801.681	11,8%	368.293	5,6%
Heildarverðmæti verðbréfa	6.667.299	98,5%	6.429.786	97,4%
Reiðufé	61.888	0,9%	142.045	2,2%
Aðrar eignir	42.102	0,6%	27.533	0,4%
Heildareignir	6.771.290	100,0%	6.599.364	100,0%

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá eru talin hlutdeildarskírteini sem færð eru á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af ÍV sjóðum hf. sem er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi móðurfélagsins vegna eðlis starfseminnar.

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlí 2021. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

c. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir ÍV sjóðum hf. 0,4% umsýsluþóknun sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af heildareignum sjóðsins.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eru metin á útgefnu kaupgengi sem gildi í lok júní 2021.

e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteignum. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

g. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinunum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skýringar frh.:

3. Hlutdeildarskírteini

Nafn - og raunávöxtun sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV í lok júní 2021

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2020
Nafnávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	(0,40%)	0,25%	3,61%	6,30%
Raunávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	(1,99%)	(2,17%)	(7,90%)	2,72%
Yfirlit um bókfært verðmæti		30.06.2021	31.12.2020	31.12.2019
Veðskuldabréfasjóður ÍV		1.266.054	1.253.161	1.178.825
Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.				
Veðskuldabréfasjóður ÍV		1,57	1,56	1,46

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign 30.06.2021 %	Eign 31.12.2020 %	Breyting	Fjárfestingarstefna	
				Lágmark %	Hámark %
Veðskuldabréfasjóður ÍV					
Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði	54	62	-8	80	100
Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði	18	13	5	0	20
Einstakur útgefandi	6	6	0	0	20
Einstök útgáfa	6	6	0	0	10

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting

Veðskuldabréfasjóður ÍV	kr.	%
Framseljanleg skuldabréf.....	5.865.618	87
Hlutdeildarskírteini	801.681	12
Reiðufé	61.888	1
Aðrar eignir	42.102	1
Heildareignir	<u>6.771.290</u>	<u>100</u>

4. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur meðal annars út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum. Gjaldtagi höfuðstóls bréfanna er 1. maí 2044.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

**Bókfært verð
30.06.2021**

Verðtryggð lán 5.502.754

Skýringar frh.:

5. Fjárfestingartímabil sjóðsins

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 26. febrúar 2017. Eins og reglur sjóðsins tilgreina hafa ekki verið teknar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar eftir það. Vísað er til heimasíðu sjóðsins www.viv.is og heimasíðu ÍV sjóða www.ivsjodir.is fyrir nánari upplýsingar.

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður ÍV sjóða hf.
Hreinn Þór Hauksson

Stjórnarmaður
Kolbeinn Friðriksson

Stjórnarmaður
Katrín Káradóttir

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.
Hrafn Árnason